



FUNDARGERÐ 5. FUNDAR VERKEFNASTJÓRNAR URÐUNARSTAÐAR SORPU

Fundur verkefnastjórnar urðunarstaðar SORPU fimmtudaginn 20. júní 2024. Fundurinn er settur klukkan 14:00. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Regína Ásvaldsdóttir, formaður verkefnastjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Páll Björgvin Guðmundsson og Regína Ásvaldsdóttir. Jón Viggó Gunnarsson boðar forföll.

Gunnar Bragason, annar verkefnastjóri verkefnastjórnar, Freyr Eyjólfsson og Gunnar Dofri Ólafsson sækja staðfund. Dóra Lind Pálmarsdóttir boðar forföll.

Tekið fyrir

1. Staða urðunar í Álfsnesi fyrstu fimm mánuði ársins

Gunnar Bragason fer yfir árangur af eftirfylgni viðauka við eigendasamkomulag og urðun á fyrstu fimm mánuðum ársins. Urðun hefur dregist saman um tæp 89% miðað við sama tímabil í fyrra.

2. Hugmyndasamkeppni um framtíðarnýtingu Álfsness

Gunnar Bragason og Freyr Eyjólfsson gera grein fyrir drögum að bréfi til skólayfirvalda í Mosfellsbæ, Grafarvogi og Kjalarnesi.

Verkefnastjórn samþykkir drögin og felur verkefnastjórum að senda bréfið til viðeigandi aðila.

3. Önnur mál

Víðavangsheinsun í Álfsnesi gekk vel og var meira og minna lokið fyrir sumardaginn fyrsta.

Stefnt er að gróðursetningu á 4.000 plöntum í Álfsnesi í sumar.

Næsti fundur er boðaður þriðjudaginn 12. september klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 14:30.